

**Mættir:**

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður

Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Daníel Júlíusson (grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)

Sigríður Hammer (Laut)

Sigurður Rúnar Karlsson (þjónustumiðstöð)

Bergsteinn Ólafsson (íþróttamannvirki)

**1. Vinnuslys - verklagsreglur**

Skerpa þarf á ferlum þegar vinnuslys verða. Starfsmenn verða að fara til læknis og fá áverkavottorð samdægurs. Grindavíkurbær borgar vottorðið gegn framvísun kvittunar, líkt og önnur læknisvottorð.

Forstöðumaður tilkynnir slysið til Vinnueftirlitsins, ferlið er rafrænt og aðgengilegt á vefsíðu bæjarins. Vinna þarf skýrsluna í samráði við þann slasaða sem og öryggistrúnaðarmann. Forstöðumaður ber einnig ábyrgð á að skila afriti af vinnuslysaskýrslu og áverkavottorði til launafulltrúa. Launafulltrúi sér um að tilkynna slysið til sjúkra.is.

**2. Hjartastuðtæki fyrir stofnanir bæjarins**

Bæjarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar vegna hjartastuðtækjavæðingar stofnanna bæjarins fyrir fjárhagsárið 2018. Formanni falið að ganga í að kaupa tækin og afhenda viðkomandi stofnunum.

Þeirri ósk verður beint til þjónustumiðstöðvarinnar að starfsmenn hennar aðstoði við að setja tækin upp. Kolbrún Jóhannsdóttir hjúkrunarfræðingur mun sjá um að þjálfa starfsmenn í notkun tækjanna.

**3. Vinnuverndarmöppur**

Vinnueftirlitið er hætt að útbúa sérstakar vinnuverndarmöppur. Gögnin hafa alfarið verið færð á netið. Nefndin leggur til að vefsvæði hennar verði uppfært og gengið úr skugga um að þar séu öll nauðsynleg eyðublöð og upplýsingar aðgengilegar á skýran og einfaldan hátt.

**4. Lýsing á plani við íþróttamiðstöðina**

Nefndin ítrekar fyrri bókanir um skort á lýsingu við íþróttamiðstöðina. Brynt er að bregðast við og bæta úr áður en slys verða. Sjá bókun frá 29. fundi frá 29. nóvember:

“Á fundi nefndarinnar 11. janúar var eftirfarandi bókað:

“Á torginu við íþróttamiðstöðina er áberandi skortur á lýsingu, einungis er ratbjart. Hafa borist margar ábendingar um að aðkoman að húsinu sé of dimm og þá þurfa nemendur úr Hópskóla að ganga í töluverðu myrkri þegar þeir koma í leikfimi. Nefndin beinir þeirri tillögu til sviðsstjóra að lýsing verði bætt á svæðinu hið fyrsta.”

Ekkert hefur verið gert til að bregðast við þessu vandamáli. Nefndin bendir á að á svæðinu er töluvert af ljósastaurum sem eru einfaldlega ótengdir. Þá vantar einnig lýsingu frá íþróttamiðstöð og yfir að Hópinu, þar sem nemendur þurfa að fara á milli í leikfimi nokkrum sinnum í viku.”

Nefndin ítrekar fyrri bókanir og hvetur til úrbóta.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 15:10**

**Næsti fundur boðaður 20. febrúar**